

Nd.

445. Frumvarp til laga

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó skal rikissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum, sem hafa innan við 4000 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Einnig skal rikissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.

Greinargerð.

Sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barða og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði við fullnaðarpróf.

Það er öllum til gagns og ánægju að kunna að synda, enda hafa íslendingar löngum verið hreyknir af færni sinni í þeirri íþrótt.

En sundkunnátta er þó sérstaklega mikilvæg við sjávarsíðuna, þar sem sjósókn er helsti atvinnuvegurinn. Það getur einfaldlega ráðið úrslitum um líf og dauða sjómanns, ef óhapp ber að höndum, hvort hann er syndur eða ekki.

Vegna núgildandi ákvæða um hlutdeild rikissjóðs í greiðslu stofnkostnaðar skólahúsnæðis, þar á meðal sundlauga, eiga fjölmörg minni sveitarfélög við sjávarsíðuna víða um land engan kost á að koma upp sundlaugum. Lítil og fjárvana sveitarfélög geta með engu móti lagt fram 50% af stofnkostnaði slíkra mannvirkja. Á mörgum slíkum stöðum, þar sem þörfin er þó mest, eru sundlaugar því ekki fyrir hendi, og þær verða ekki reistar þar á næstu árum að óbreyttum lögum um skólakostnað og óbreyttri stefnu varðandi hönnun slíkra mannvirkja.

Þetta frumvarp er flutt til að bæta úr þessu. Það felur í sér, að við byggingu sundlauga í minni sjávarþorpum, þ.e. þeim sem hafa innan við 4000 íbúa, skuli rikissjóður greiða 75% stofnkostnaðar í stað 50%. Með slíkri breytingu væri þeim sjávarþorpum, sem nú hafa enga möguleika á að eignast sundlaugar, gert kleift að byggja slík mannvirki.